

EFTIRLITSSKÝRSLA

Semtsverksmiðjan Akranesi Akranes



| | | | |
|---------------------|---------------------------|------------------|----------------------|
| Dags eftirlits | 29.9.2015 | Fulltrúi UST | Halla Einarsdóttir |
| Fyrirtæki | Semtsverksmiðjan Akranesi | Fulltrúi UST | Björn Stefánsson |
| Heimili | Mánabraut 20 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 5602695369 | Flokkur | Verksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gunnar H. Sigurðsson | ÍSAT nr. | 26.51.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jónas Guðmundsson | Staðsetning | 351068,21 427468,774 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu var farið yfir framkvæmd lokunaráætlunar en starfsemi verksmiðjunnar hefur nú að mestu leyti verið hætt. Áfram verður semtsafgreiðsla og framleiðsla á basalt og skeljasandsmélum en sú starfsemi krefst ekki starfsleyfis frá Umhverfisstofnun.

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en þrjár athugasemdir voru gerðar er varða

- Ryk og hávaði í vinnslurými við mölun basalts og skeljasands.
- Fokhættu af klæðningu sem er byrjuð að flagna af byggingum.
- Niðurstöður vöktunarmælinga í jarðvegi liggja ekki fyrir.

Unnið er að frágangi vegna lokunar í samræmi við áætlun um rekstrarstöðvun og áætlun um frágang á námum (tölvupóstur 1.október sl.). Rekstraraðili gerir ráð fyrir að frágangi við námur í Hvalfirði verði lokið 1.ágúst 2016 og vinnur að frágangi lóðar á Akranesi í samvinnu við sveitarfélagið.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir framkvæmd lokunaráætlunar.

Akraneskaupstaður hefur tekið við byggingum og lóð semtsverksmiðjunnar fyrir utan þær byggingar sem eru í notkun, þ.e. skrifstofuhúsnæði, birgðastöð, vinnslusal fyrir framleiðslu basalt og skeljasandsmélum, lagersvæði, verkstæði og skeljasandsþró. Athafnasvæði á Akureyri er enn í notkun og kemur Semtsverksmiðjan til með að nota þá lóð áfram. Athafnasvæði á Ártúnshöfða hefur verið afhent Reykjavíkurborg en þar eru tveir semtsveimar.

Í efnisvinnslunni er sama magn af gísi og líparíti og fram kom í síðasta eftirliti. Búið er að tilkynna Orkuveitu Reykjavíkur um lokun verksmiðjunnar en þörf er á háspennu áfram vegna méluframleiðslunnar. Búið er að rífa niður olíutanka og ganga frá lóð í kringum þá og var það unnið í samráði við Heilbrigðisnefnd Vesturlands og Olíufélagið.

Farið var í skoðunarferð um verksmiðjuna. Snyrtilegt var um að lýtast við semtsafgreiðsluna, búið að ganga vel frá plani þar sem að olíutankarnir voru og búið að mála sementsslóin. Í verksmiðjuhúsunum stóð mölun á basalti og skeljasandi yfir þegar eftirlitið fór fram. Töluvert ryk var í vinnslurýminu og hávaði frá mölunarvélunum. Þá var farið í gamla ofnhúsið þar sem að leðja var hituð og þurrkuð. Þar eru m.a. birgðir af ofnfóðringum og nýtir bærinn húsnæðið sem geymslu fyrir ýmsa hluti. Búið er að negla fyrir glugga hér og þar í verksmiðjuhúsunum þar sem að þeir hafa verið brotnir. Við reykhláf í efnisgeymslu eru klæðningar farnar að flagna af veggjum og hér og þar eru opnir bambar með skeljasandi og öðrum úrgangi. Sambærilegir bambar eru notaðir til að aðgangsstýra og verja skeljasandsþróna fyrir hrúni og foki. Jafnframt er skeljasandur og sement í stórsekkjum í hlíðum skeljasandsþróarinnar.

Að lokum var farið inn í Hvalfirð og litið á líparítánámurnar ásamt rekstraraðila og Jónasi Guðmundssyni, verktaka sem hefur annast námurnar fyrir Semtsverksmiðjuna. Í líparítánu 1 sem er í eigu Semtsverksmiðjunnar þarf að taka til úrgang sem er á lóðinni. Á lóðinni er jafnframt mölunarstöð sem Semtsverksmiðjan á og starfsmannabústaður upp í hlíðinni. Þá var farið í námu 2 og 3 sem eru ríkisjarðir. Rætt var um frágang þeirra. Rekstraraðili sendi áætlun um frágang námanna í tölvupósti 1.október sl. og er gert ráð fyrir að verkinu verði lokið 1. ágúst 2016.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

ATHUGASEMDIR

Þegar eftirlitið fór fram var vinnsla á mélu í gangi en töluvert ryk og hávaði var í vinnslusalnum. Vinnueftirlitið fær því afrit af þessari skýrslu.

Klæðningar á sumum byggingum sem rekstraraðili hefur afhent sveitarfélaginu er farnar að flagna af og því aukin hætta á foki.

Sýni í jarðvegi umhverfis verksmiðjuna voru tekin síðasta sumar en niðurstöður úr greiningu þeirra liggja ekki fyrir.

ANNAÐ

Starfsemi Sementsverksmiðjunnar eins og hún er í dag þ.e.framleiðsla basalts og skeljasandsmélu og sementsafgreiðsla, krefst ekki starfsleyfis hjá Umhverfisstofnun. Méluvinnslan er að jafnaði í gangi einn dag í mánuði. Heilbrigðisnefnd Vesturlands fær afrit af þessari skýrslu og vísar stofnunin til hennar að skera úr um hvort starfsemin kalli á starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Rekstraraðili hefur afhent Akraneskaupstað stærstan hluta lóðarinnar ásamt byggingum sem ekki eru í notkun. Sementsverksmiðjan er með leigusamning að birgðastöðinni til 2028 en leigusamningur að verkstæði og lagaraðstöðu er uppsegjanlegur frá og með næstu áramótum. Sveitarfélagið (Akraneskaupsstaður) og rekstraraðili halda reglulega fundi þar sem farið er yfir frágang lóðarinnar og verksmiðjunnar vegna lokunarinnar.

Reykjavík, 04.11.2015



Halla Einarsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.